

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi við Hótel Geysi og Geysisstofu.

Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir viðbyggingu við Hótel Geysi er stækkaður og heimilað byggingarmagn aukið úr 4.500 m² í 9.000 m² að grunnfleti. Aðkomuleiðum og bíla-stæðum er breytt og tvö smáhýsi sunnan núverandi hótels verða fjarlægð. Samþykkt í sveitarstjórn 11. ágúst 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. október 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. nóvember 2014